

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið þrjá gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannfutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanyting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

c. Af bifhjólum kr. 350.00

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1971, og tillögu til bráðabirgða-vegáætlunar fyrir árið 1972.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1971 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkvæmt III. kafla vegalaga, sbr. 1. gr. laga þessara, og nái áætlunin yfir árin 1972—1975.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1972—1975 skulu gerðar fyrir 1. október 1971.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. föluði 4. kafla 2. gr. með 680% álagi. Öli samkv. 3. föluð. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. desember 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laganna verði þannig:

| | | Tollskrár- tollur | Efta- tollur |
|-------|----|---|-----------------|
| 12.09 | 00 | Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið | 0 |
| 15.07 | 85 | Sólrósarolía | 21% |
| 15.07 | 86 | Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía | 21% |
| 15.07 | 92 | Rísínusolía | 21% |
| 15.07 | 93 | Önnur | 21% |
| 17.03 | 02 | Falli niður. | |
| 17.03 | 09 | Annað | 20% |
| 21.07 | 07 | Ávaxtasafi, tilreiddur og blandaður, umfram það, sem tilgreint er í 20.07 | 50% |
| 22.01 | 01 | Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru | 100% 70% |
| 22.02 | 00 | Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07 | 100% 70% |
| 22.03 | 00 | Öl gert úr malti | 100% 70% |
| 24.02 | 32 | Neftóbak | 35% 25% |
| 25.12 | | Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmþyngd I eða minna, einnig brennt: | |
| | 01 | Kísilgúr | 20% 14% |
| | 09 | Annað | 20% |